



**Ávarp
Höllu Tómasdóttur
forseta Íslands
á hátíðarkvöldverði
í boði finnsku forsetahjónanna
Alexander Stubb
og Suzanne Innes-Stubb
í Helsinki
7. október 2025**

Forseti Finnlands, Alexander Stubb,
Suzanne Innes-Stubb,
aðrir háttvirtir gestir.

Það er mér sérstakt gleðiefni að vera með ykkur hér í kvöld, í fögru landi þúsund vatna og víðáttumikilla skóga sem eru nú óðum að skrýðast skærlitum haustklæðum. Við hjónin og íslenska sendinefndin erum innilega þakklát fyrir hlýjar móttökur.

Ísland og Finnland, sem eru bæði þekkt sem heimili jólasveinsins, eiga fleira sameiginlegt en að vera norðlæg lönd mörkuð löngum vetrum. Við erum þjóðir sem leggja áherslu á frið, menntun, nýsköpun, jafnrétti kynjanna og umhverfisvernd. Við erum félagar í norrænu og alþjóðlegu samstarfi, málsvarar lýðræðis og höfum byggt upp þolgóð samfélög. Þó að við skiljum kannski ekki tungumál hvors annars tel ég að við skiljum vel hugsunarhátt hvors annars. Þið

talið um *sisu*, við Íslendingar notum orðið *seigla*; bæði orðin lýsa þeirri þrautseigju sem þjóðir okkar hafa lengi þroskað með sér.

Mig langar að deila með ykkur óstaðfestri sögu: Íslenskur stjórnmalamaður hitti einu sinni erlendan starfsfélagan sem spurði landamæri hve margra ríkja lægju að Íslandi. Landi minn útskýrði að Ísland deildi ekki landamærum með öðrum ríkjum, aðeins með Ægi konungi. „Nú,“ sagði viðmælandinn hvumsa, „glímið þið þá ekki við nein vandamál?“

Eins og þið vitið betur en margur annar skapast gjarnan spenna í kringum landamæri, hvort sem þau eru áþreifanleg eða pólitísk. Seigla Íslands hefur ekki mótast af aldalöngum stríðsátökum heldur í baráttunni á ótryggum mörkum náttúru og menningar. Það krefst þolgæðis að búa í landi þar sem veðráttan er ótrygg allt árið um kring, þar sem snjóflóð gera ekki boð á undan sér, þar sem eldsumbrot geta hafist fyrirvaralaust og lagt í rúst heimili og ræktað land.

Fyrir um fimmtíu árum lögðu aska og hraun úr Helgafelli undir sig hluta af blómlegri sjávarbyggð í Vestmannaeyjum og allt stefndi í að eina höfnin þar lokaðist. Nýlega hafa íbúar Grindavíkur – sem er heimabær Björns mannsins míns – mátt þola endurtekna jarðskjálfta og eldsumbrot sem hafa ógnað íbúðarhúsum, raforkuveri og einum vinsælasta ferðamannastað landsins, Bláa lóninu.

Áskoranir eru óhjákvæmilegar, hvort sem þær eru persónulegar, pólitískar eða af völdum náttúrunnar. En einn af lærdómum lífsins er að þegar á móti blæs skipta viðbrögð okkar mestu máli. Ísland og Finnland hafa ekki aðeins mætt mótlætinu af þolgæði heldur einnig með útsjónarsemi, sköpunargáfu og bjartsýni að leiðarljósi. Í Vestmannaeyjum var köldum sjó dælt á rennandi hraunið til að koma í veg fyrir að það lokaði höfninni. Fyrirfram trúðu fáir á slíkar aðgerðir en þær reyndust þó árangursríkar. Nú á dögum er hitinn í þessu sama hrauni nýttur til húshitunar og jafnvel við brauðbakstur! Í Grindavík hafa vel hannaðir varnargarðar á líkan hátt beislað hraunrennslið og bægt því frá byggð og verðmætum innviðum.

Herra forseti.

Þjóðir okkar hafa ekki aðeins staðið frammi fyrir margvíslegum áskorunum, stórum sem smáum, heldur einnig lagt hvor annarri lið. Við fæddumst bæði árið 1968 sem var bæði ár storma og breytinga. Um allan hinn vestræna heim var kallað eftir réttlæti og betri framtíð; þetta var árið þegar barátta fyrir borgaralegum réttindum náði hámarki í Bandaríkjunum og stúdentauppreisnir skóku Evrópu. Í þessum hvirfilbyl sýndi fólk dirfsku til að marka nýja leið.

Nú um stundir er veröldin aftur í kröppum dansi. Við horfumst í augu við loftlagsvá, óstöðugleika í alþjóðamálum, vaxandi ójöfnuð og efnahagslíkan sem ýtir undir misskiptingu og ógnar grundvelli lýðræðisins. Þú hefur réttilega kallað þetta ástand „hið nýja (ó)skipulag heimsins“.

Við lifum á tímum þegar hriktir í alþjóðakerfinu og öryggi okkar er ógnað. Hefðbundnar hugmyndir um hagvöxt, þar sem horft er á fjárhagslegan ávinning fremur en velsæld fólks og jarðarinnar, hafa gengið sér til húðar. Við verðum að taka höndum saman, breyta forgangsröðuninni og treysta innviðina í samfélögum okkar.

Eins og við ræddum um á fyrsta fundi okkar í Berlín eru hagkerfi Norðurlandanna samanlagt í hópi tíu stærstu hagkerfa heims. Því fylgja bæði ábyrgð og tækifæri. Löndin okkar tvö eru hluti af samstarfi nokkurra ríkisstjórna um velferðarhagkerfi þar sem ekki er aðeins tekið mið af efnahagslegum stærðum heldur einnig lagt mat á hamingju fólks, heilsu og sjálfbærni. Okkar næsta verkefni er að styrkja efnahagsleg og félagsleg viðmið þar sem hagsmunir almennings og jarðarinnar eru í forgrunni.

Nýsköpun skiptir sköpum þegar við siglum á vit óvissrar framtíðar – og þá á ég ekki aðeins við tækninýjungar heldur einnig félagslega og pólitíska nýsköpun. Þjóðir okkar beggja vita að nýsköpun takmarkast ekki við sprotafyrirtæki og

tilraunastofur. Hún er einnig nauðsynleg þegar við mörkum stefnu, leysum sameiginleg viðfangsefni og mótum framtíðarsýn. Nýsköpun snýst um að hugsa á nýjan hátt um það hvernig við getum búið saman í sátt og samlyndi og staðið vörð um velferð almennings og vistkerfisins.

Þannig að þegar við lyftum glösum okkar hér í kvöld skulum við ekki aðeins skála fyrir varanlegri vináttu Finnlands og Íslands, gestrisni ykkar og örlæti, heldur einnig fyrir þeim ásetningi beggja þjóða að komast klakklaust í gegnum öldurótið. Með von um að við höldum áfram að reisa trausta varnargarða – áþreifanlega, pólitíska og siðferðilega – ekki síst á grunni þeirrar norrænu samvinnu sem við höfum ræktað um áratugaskeið.

Ég bið ykkur að skála fyrir Finnlandi, Íslandi og velferðarhagkerfinu sem við getum mótað í sameiningu!